

6.11.7. gr. byggingarreglugerðar, nr. 112/2012, síðari breytingar reglugerðar nr. 1173/2012, 350/2013, 280/2014, 360/2016, 666/2016, 722/2017, 669/2018, 1278/2018 og 977/2020
Lög um mannvirki, nr. 160/2010

Þjónustukjarnar

Í grein 6.11.7 í byggingarreglugerð segir:

„Ákvæði þessarar greinar gildir um byggingar og önnur mannvirki þjónustumiðstöðva, s.s. á fjölsóttum ferðamannastöðum og við þjóðvegi. Slíkar byggingar og mannvirki skal hanna þannig að þau falli sem best að umhverfi sínu hvað varðar útlit, efnisval, litaval o.fl. nema skipulagsskilmálar kveði á um annað.

Byggingar, skýli, upplýsingatöflur, áningarstaði og aðkomu að þeim skal hanna á grundvelli algildrar hönnunar eftir því sem landfræðilegar aðstæður leyfa.

Um öflun vatns og rotþrær gilda kröfur laga um hollustuhætti og mengunarvarnir og laga um fráveitur. Hreinlætisaðstaða að öðru leyti skal vera í samræmi við fyrirhugaða notkun.


Byggingar skulu uppfylla kröfur þessarar reglugerðar í samræmi við áformaða notkun.

Húsnæðis- og mannvirkjastofnun skal gefa út leiðbeiningar um framkvæmd þessarar greinar.“


Leiðbeiningar

- 1** Sækja þarf um byggingarleyfi fyrir mannvirkjum sem eru byggingarleyfisskyld skv. 2.3 og 2.5 kafla byggingarreglugerðar. Framkvæmdir skulu vera í samræmi við skipulagsáætlanir og gæta skal að ákvæðum náttúruverndarlaga nr. 44/1999 og vegalaga nr. 80/2007.
- 2** 2. mgr. 6.11.7 gr.: Byggingar, skýli, upplýsingatöflur, áningastaði sem almenningur hefur aðgang að og aðkomu að þeim skal hanna á grundvelli algildrar hönnunar. Sjá leiðbeiningar Mannvirkjastofnunar nr. 6.2.3 Algild hönnun aðkomu að byggingu, 6.2.4 Gönguleið að byggingu, 6.2.6 Bílastæði hreyfihamlaðra og 6.8.3 Algild hönnun snyrtinga og baðherbergja.
- 2.1** Allar helstu upplýsingar á glampafríum upplýsinga-/ ratskiltum skulu vera skýrar, greinilegar, auðlesnar og auðskyldar. Varast skal hástafi, nota skal stóra skrift og aðlaga hæð hennar að lestrarfjarlægðinni. Fyrir bókstafi sem eru um það bil 25 mm að hæð bætast 10 mm við hæðina fyrir hvern metra í aukinni lestrarfjarlægð. Þannig að bókstafir á skilti sem á að vera hægt að lesa í til dæmis 10 m fjarlægð skulu vera 125 mm háir.

- 2.2** Mikill litamismunur skal vera á milli bakgrunns og skiltis. Þá er auðveldara að sjá skiltið úr fjarlægð og texti auðlesnari.




Mynd 1




Mynd 2

Mikill litamunur skal vera á texta og bakgrunni skiltis. Mismunur að minnsta kosti 60 mælt í LRV eða 0,75 á NCS skalanum (hlutfall endurkastshæfni ljóss). Forðast skal að nota einungis hástafi. Upphleyptir stafir eru auðlesnastir fyrir sjónskerta.




Mynd 3



Mynd 4

- 2.3** Skilti og upplýsingatöflur skulu vera í þannig hæð að bæði sitjandi og standandi geti lesið þau. Skilti og upplýsingatöflur með ítarlegum upplýsingum skulu vera í 1,2 -1,6 m hæð. Skilti með yfirlits- eða heildarupplýsingum skulu vera í 2,1 m hæð eða í þeirri hæð að auðvelt sé að ganga undir þau án þess að eiga á hættu að rekast upp undir skiltið. Sjá leiðbeiningar Húsnæðis og mannvirkjastofnunar (HMS) nr. 6.6.1 Almennar kröfur.

- 3** Hafa skal í huga við áningastaði og aðra staði þar sem gert er ráð fyrir að fólk borði úti við borð með áföstum bekkjum að gera ráð fyrir aðstöðu fyrir hjólastóla. Borð og bekkir skulu greina sig frá umhverfinu hvað liti snertir. Sjá mynd 5 og 6.




Mynd 5. Borð með áföstum bekkjum



Mynd 6. Borð með áföstum bekkjum

- 4** Hafa skal í huga við áningastaði og aðra staði þar sem settir eru upp bekkir að gera ráð fyrir aðstöðu fyrir hjólastóla. Bekkir skulu greina sig frá umhverfinu hvað liti snertir. Sjá mynd 7 og 8.




Mynd 7. Bekkur



Mynd 8. Bekkir

- 5** Á mynd 9 eru dæmi um góð mál á bekk, sæti í um það bil 0,45 m hæð og dýpt þess 0,45 m. Sætisarmar eru 0,2 m hærri en sætið, þannig að gott grip sé um þá. Vinkill milli sætis og baks er um það bil 100°. Ruslandur við hlið bekkjarins þeim megin þar sem ekki er gert ráð fyrir svæði fyrir hjólastól.



Mynd 9. Bekkur með málsetningum, öll mál í mm

Yfirlit yfir breytingar sem gerðar hafa verið á leiðbeiningunni:

Útgáfa	Lýsing á breytingu:	Dags.
1.0	Á ekki við	12.10.2012
1.1	Lítillsháttar leiðréttingar	25.2.2013
1.2	Letur stækkað og tilvísanir fjarlægðar	27.6.2018
1.3	Tilvísanir fjarlægðar	14.8.2019
1.4	Tilvísanir fjarlægðar	13.11.2019
1.5	MVS breytt í HMS	6.2.2020
1.6	Yfirlit yfir breytingar	22.12.2020